119 fyrir utan fæðingarhrepp sinn, Miklaholtshrepp, þá á hann sveitfesti í nefndum fæðingar-
18. nóv. hreppi sínum.

Samkvæmt þessu staðfestist hjermeð ofannefndur úrskurður yðar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

120 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um máls-**
28. nóv. **kostnað í gjafsóknarmáli.** — Með þóknanlegum brjefum, 25. apríl og 7. sept. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, lagt það til, samkvæmt ósk verzlunarstjóra Chr. Havsteens á Siglufirði, að ávísaður yrði úr landssjóði kostnaður nokkur, að upphæð 46 kr., við gjafsóknarmál nefnds verzlunarstjóra við Jón bónda Þorkelsson á Svaðastöðum, útaf hvalreka við Þórðarhöfða 13. apríl 1876, en mál þetta lyktaði þannig við yfirrjettinn, að því er málskostnaðinn snerti, að hann skyldi falla niður.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að af ofannefndum kostnaði hafa 20 kr., málsfærslulaun Snorra heitins Pálssonar við undirrjettinn, verið ávísaðar úr landssjóði 14. júní 1880 Jóni heitnum Jónssyni landritara, samkvæmt ósk Snorra Pálssonar, og eru þær þannig þegar greiddar úr landssjóði, en að því er snertir hinar 26 krónurnar af ofannefndum kostnaði, en það er borgun fyrir mat á hval þeim, er málið var um, samkvæmt yfirrjettardóminum, þá verð jeg að álíta, að þessi kostnaður við fullnægingu dómsins geti eigi talizt með þeim kostnaði af gjafsóknarmálum, sem heimild er til að greiða úr landssjóði samkvæmt 5. gr. laga 12. júlí 1878, um gjafsóknir, og sje jeg mjer því eigi fært að ávísa þessum 26 kr. úr landssjóði.

121 **Brjef landshöfðingja** *til biskups* **um eptirlaun prestsekkna þeirra, er njóta**
10. des. **náðaárs.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, skýrt mjer frá því, að sjera Jón Austmann, síðast prestur að Stöð í Stöðvarfirði, hafi andazt 6. septbr. síðastliðinn, og að hann hafi látið eptir sig ekkju, Helgu Jónsdóttur, sem beri að fá eptirlaun sín úr landssjóði frá næstkomandi fardögum.

Með því nú að hinni hjerumræddu prestsekkju ber náðaár í brauðinu frá næstkomandi fardögum til fardaga 1889 og með því að svo hefur verið álitið, að prestsekkjum beri þá fyrst eptirlaun, er náðaárið er á enda (sbr. landshöfðingjabrjef 23. okt. 1885, Stj.tíð. 1885 B. bls. 137), þá verður ekki fyr en náðaárið er á enda gjörð nein ráðstöfun til, að hinni hjerumræddu prestsekkju verði greidd eptirlaun úr landssjóði.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar.

122 **Brjef landshöfðingja** *til formanns skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi* **um**
12. des. **að afgjald af skólajörð sje undanþegið tekjuskatti.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m., hafið þjer, fyrir hönd skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi, skýrt frá því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu hafi krafizt þess af nefndinni, að afgjaldið af jörðinni Vallarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi, 54 kr. á ári, verði talið með skattskyldum tekjum á skattaskrá Stokkseyrarhrepps, en þarsem jörð þessi sje eign barnaskólans í Stokkseyrarhreppi spyrjist þjer fyrir um það, hvort afgjald af henni sje eigi

undanþegið skatti, samkvæmt 9. gr. tekjuskattslaganna 14. desbr. 1877, einsog hingað til hafi verið álitið. 122 12. des.

Fyrir því skal yður til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er rjettur skilningur á 9. gr. tekjuskattslaganna, sbr. orðin »sjóðir, sem stofnaðir eru til almennra þarfa«, að afgjaldið af jörðinni Vallarhjáleigu sje undanþegið tekjuskatti, að svo miklu leyti sem jörð þessi er eign barnaskólans í Stokkseyrarhreppi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um fyrirframborgun gjalda fyrir lögtaksgjörðir.** 123 31. des.

– – Með þóknanlegu brjefi, dags. 24. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, að þartil gefnu tilefni frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, beiðzt úrlausnar minnar um það, hvort gjöld til stefnuvotta fyrir birting lögtaksúrskurðar samkvæmt 4. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og yfir höfuð gjöld til votta við lögtaksgjörðir sjeu eigi innifalin í gjöldum þeim fyrir lögtaksgjörðir, sem ákveðið er um í byrjun 7. gr. nefndra laga, að eigi megi heimta þau greidd fyrir fram.

Fyrir því læt jeg eigi hjá líða, að tjá yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg ætla eigi að borgun til stefnuvotta fyrir birting lögtaksúrskurðar verði í sambandi því, sem hjer er um að ræða, talin innifalin í gjöldum fyrir lögtaksgjörðina, og að það því aðeins sje gjaldið til fógeta eða hreppstjóra og lögtaksvotta, sem eigi megi krefjast fyrirfram samkvæmt ofannefndri lagaákvörðun.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir norður- og austuramtinu fyrir hönd amtsráðsins þar var af þeim 1500 kr., sem getur um í Stj.tíð. þ. á. B. bls. 107, styrkur veittur 16 búnaðar- og framfarafjelögum í amtinu, svo sem hjer segir:

1.	Búnaðarfjelagi Torfalækjarhrepps . . .	kr. 207,50
2.	—— Svínavatnshrepps	— 193,00
3.	—— Sauðárhrepps	— 146,60
4.	—— Hofshrepps	— 126,90
5.	Framfarafjelagi Svarfdælinga	— 56,80
6.	—— Arnarnesshrepps	— 187,20
7.	Búnaðarfjelagi Bægisárprestakalls . . .	— 17,70
8.	Framfarafjelagi Glæsibæjarhrepps . . .	— 142,00
9.	—— Öngulstaðahrepps	— 11,50
10.	—— Saurbæjarhrepps	— 38,00
11.	—— Grýtubakkahrepps . . .	— 53,60
12.	Búnaðarfjelagi Ljósavatnshrepps	— 55,60
13.	Jarðabótafjelagi Helgastaðahrepps . . .	— 111,30
14.	Búnaðarfjelagi Jökulsárhlíðar	— 45,80
15.	—— Hjaltastaðahrepps	— 41,60
16.	—— Fljótsdælinga	— 41,60
		kr. 1476,70

10. gr. C. 5.

Veittar alls 14700 kr. til vegagjörðar frá Fóelluvötnum áleiðis til Reykjavíkur árið 1887.

16. gr. 14.

Bóksala Sigurði Kristjánssyni veittur 240 kr. styrkur til að gefa út kennslubók í sjómannafræði, þýdda af skipstjóra Markúsi Bjarnasyni.